

Opinn fundur umhverfisnefndar um drög að umhverfisstefnu Mosfellsbæjar

Framhaldsskóla Mosfellsbæjar, 16.maí 2019

Athugasemdir fundarmanna – samantekt

1. Umhverfisfræðsla

- - Hver er stefna mosó í loftslagsmálum? *Stendur í stefnunni að við ætlum að vera með fræðslu en viljum vera að gera meira en það?*

2. Skógrækt og landgæði

- Það sem kom fram hjá Birni Traustasyni á Mógilsá varðandi það að fyrirtæki og einstaklingar eru að kaupa sér tré til að kolefnisjafna sína starfsemi og ferðir. Ég ræddi ennig við Reynir Á völlum sem er stjórnarformaður Kolviðar, sem er fyrirtæki sem er stofnað til að til að leigja land til að planta trjám í til að kolefnisjafna og kaupa fyrirtæki og einstaklingar sig inn , og er nú komnir talsverðir peningar í sjóðinn. Þeir eru nú þegar búnir að fá víða lönd til skóræktar, og eru samningar við landeigendur þannig að þeir planta trjám og fylgjast með í sextíuár, en eftir það fær landeigandinn landið til sín á ný og getur ráðstafað skóginum að vild. Bæði Björn og Reynir eru tilbúnir til að koma á fund með umhverfisnemd til frekari umræðu.
Verkefnið sem við í umhverfisnemd samþykktum í vor, varðandi tilraunarreiði á mosfellsheiði , hefur ekki verið hafið vegna þess að , heimild hefur ekki verið staðfest af Mosfellsbæ. Væri þarflegt ef við gætum flýtt fyrir, svo að þeir geti byrjað sem fyrst.
- Einnig kom tillaga um eyðingu á ágengum plöntum , svo sem Kerfil og Lúpínum sem eru óðum að dreifa sér víða í landi Mosfellsbæjar og komu miklar áhyggur fundarmanna á þessar þróum. Vildi fólk að bærinn kvetti bæjarbúa með fræðslu t.d., með því auglýsa í Mosfellingi að þessar plöntur væru ekki æskilegar allstaðar, svo að þeir sem væru að taka þær úr sýnu nágreinni væru ekki atyrtir fyrri það af nágrönnum.
- Einnig var fólk sammála um að loftslagsmálum væri ekki gerð næg skil í stefnu okkar, t.d. með orkuskiptum í umferðarmálum.

3. Samgöngur

- - Bærinn merkir þungamiðju hjólréiðaleiða og hestaleiða og fjölgi þá frekar vegum þar sem ágreingur þarna á milli er ekki mikill. (held að það var verið að meina að merkja þær inná map.is/moso eða álíka) – *tölum um þetta í stefnunni sem er gott. En gott að hafa þetta líka í huga þegar farið er að leggja stígana.*
- - Mosfellsbær verði með rafmagnshjól sem að það getur leigt eða lánað almenningi. Stuðla að betri heilsu. Gera ehv konar hvatningakerfi úr þessu, vera með rafmagnshjól í Fmos fyrir ungmenni. Láta bæjarstarfsmenn vera á rafmagnshjóli?
- - Hleðslustæði fyrir rafbíla í miðbænum eða að þau stæði eru betri en önnur.
- -Hver væri hagur mosó ef að þingvallavegur færi ekki í gegnum mosó? þurfum að þrýsta betur á að færa hann?

4. Útivist og lýðheilsa

- Upplýsingar um gönguleiðir, útivistarleiðir og fræðsluskilti verði aðgengileg íbúum
- Fjölgað verði gönguleiðum og útivistarleiðum á fjöllum og fellum
- **-Samráðsvettvangur fyrir hjólréiða, hesta, hlaupa og útiverufólk.**
- - Myndi einnig geta verið notið sem fræðsla til síðan almennings svo að allir geta verið upplýstir.
- - Vera með mótórhjólánámskeið fyrir hestamenn svo að hestarnir verða ekki hræddir við hjólin? *Það var mikill áhugi fyrir þessu á fundinum.*
- -Tillitsemi skiptir meira máli en fjarlægðin milli hjóla- og hestaveganna
- - Hvernig kemst ég inn í ævintýragarðinn? Merkja leiðina betur?
- **-Hafravatn**, náttúruperla. Er til eitthvað skipulag um hvernig það svæði á að vera nýtt? Á mosfellsbær allt svæðið þarna í kring? Ef svo er hægt að auka aðgengi að vatninu og gera kleift að labba allan hringinn.
- -Væri hægt að gera hringleið í kringum úlfarsfell?

5. Mengun, hljóðvist og loftgæði

- Yfirmarkmiðið frekar víðtækt.
- Hafa náði samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um umhverfismál (mengun virðir ekki sveitarfélagsmörk).
 - *Tillaga að breytingu:*
Áfram fari fram gott samstarf við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vegna mengunar í umhverfinu og umgegni á opnum svæðum.
Verður:
Áhersla verði lögð á gott samstarf við hið opinbera, sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis til þess að daga úr mengun og bæta umgengni í nærumhverfi okkar.
- Nagladekk: Hvetja bæjarstarfsmenn til þess að nota ekki nagladekk. *Fyrirtæki?*
 - *Tillaga að breytingu:*
Almenningur verði hvattur til að draga úr notkun nagladekkja eins og kostur er.
Verður
Almenningur, fyrirtæki og aðrir verði hvattir til að draga úr notkun nagladekkja eins og kostur er.
- Mælinga á loftgæðum: Hafa markmið í þeim efnum.
 - *Tillaga að breytingum:*
Mælingar fari fram á loftgæðum í Mosfellsbæ.
Verður:
Mælingar fari fram á loftgæðum í Mosfellsbæ með það að markmiði að sjá loftgæði batna á milli ára.
- Mæla brennisteinsvetni, brennisteinsdíoxíð og svifryk í loftgæðamælingum.
- Hljóðvist: Bara talað um umferð, fjalla einnig um annað líkt og hávaða frá atvinnustarfsemi, dýrahaldi og frá ýmiskonar áhugamálum. Kom líka upp umræða um mismunandi reglur um hávaða í 270 og 271.
 - *Tillaga að breytingum:*
Dregið verði úr áhrifum umferðarhávaða á byggð.
Verður:
Dregið verði úr áhrifum hljóðmengunar hvort sem það stafar frá umferð eða öðru.
- Nýta alla umhverfisvæna orkukjafa fyrir bílafoltann og auka aðgengi að þeim (metan?).
Kaflí 3?
- Kom í veg fyrir lyktarmengun.
 - *Þetta kom fram í tengslum við lyktarmengun frá Álfsnesi og hugsanlega lyktarmengun frá Esjumelum. Ekki hætt að koma í veg fyrir þetta nema með góðu samstarfi við nágretta sveitarfélög, sjá punkt fyrir ofan.*

6. Neysla, Úrgangur, Umhverfisfræðsla

- Mætti koma með tímaplan á stefnunni – framkvæmdaráætlun hvað á að gera þetta árið til ársins 2030 sem bærinn fer þá eftir og fylgja því eftir (ekki bara sortera svo fer allt í sömu tunnuna)
- Láta félagasamtök t.d skáta og aðra sem fá styrki frá bænum gera sína umhverfisstefnu sem tvinnast inn í umhverfisstefnu Mosfellsbæjar svo að það sé hvati fyrir þá aðila að fá styrki og átakið verður enþá kröftugra
- Bærinn banni helíumblöðrur á 17.júní út af umhverfisáhrifum, loftlagsmálum
- Setja á heimasíðu Mosfellsbæjar tilkynningarhnapp um umhverfisslys, umhverfismengun, umhverfislykt þar sem hægt er að hengja myndir við og fólk getur sent inn, þá er tilkynnt strax um svona og að bærinn verði duglegri að upplýsa ef umhverfis mengun verði
- Setja tengingu ef hægt er í Íslykil þegar fólk flytur lögheimili í Mosfellsbæ að þá komi t.d velkomin í Mosfellsbæ svona gerum við í umhverfismálum, hvað má fara í grátunnuna og svo framvegis því þetta er misjafnt á milli sveitafélaga og fólk er að rugla þessu saman og misskilja flokkunina
- Meiri fræðsla um umhverfismál, samstillt átak í því um hvað má fara í gráu tunnuna svo að það minki misskilninginn á hvað má fara út af gas og jarðgerastöðinni, hvað má líka ekki fara í tunnuna og hvar eru grendargámarnir sem þarf að fara með annan úrgang en má fara í tunnuna, dreifa í húsin, upplýsa leikskóla, skóla, aðrar stofnanir
- Meiri fræðsla til unglunga og fá skóla í lið með hreinsunaráttak sem hluti af útikennslu (sami liður og hér að ofan að mínu mati....meiri fræðsla
- Mosfellsær hætti með pappa glös allir sem koma á fundi og starfsmenn koma með sinn bolla
- Kafli 4 í umhverfisstefnunni útivist og lýðheilsa, þar undir er minnst á sorp á byggingasvæðum að það ætti frekar heima í kafla 5
- Grænfanaverkefni í skólum

7. Náttúruvernd og vatnsvernd

- Meiri fræðsla um friðlýst svæði, t.d. skipulagaðar göngur um þau.
 - *Tillaga að breytingu:*

Upplýsingar um friðlýst svæði verði gerð aðgengileg almenningi í fræðsluefni, m.a. á heimasíðu bæjarins Verður:

Upplýsingar um friðlýst svæði verði gerð aðgengileg almenningi í fræðsluefni, m.a. á heimasíðu bæjarins og kynnt með öðrum hætti.

- Ath. með varmá og vatnsmagn, þegar það eru miklar rigningar nær jarðvegurinn ekki að taka við vatninu vegna þess hvað er mikið af malbikuðum/steyptum svæðum.
- Vernda Varmá gegn mengun frá Tunguvegi, þ.e. setja upp viðeigandi búnað og mæla.
- Senda reglulega bækling um mengun frá regnvatnsfráveitum á heimili í Mosfellsbæ.
- Virkt eftirlit með röngum tenginum, þ.e. skólpi í regnvatnsfráveitum.

Annað sem rætt var um:

- Auglýsa vel þegar stefnan er tilbúin
- Talað um mikilvægi að gera aðgerðaráætlun og fylgja henni eftir.
- Rafhlöður í bílnum, ekki til neytt ferli til að enduvinna þá.

8. Dýrahald og landbúnaður